

honum frekar í bili, en þá sló ákærði hægri hendi til lögregluþjónsins og miðaði hnefa sínum á andlit lögregluþjóninum, sem þá sló undir handlegg ákærða og bar þannig af sér höggið. Tóku lögregluþjónarnir þá ákærða fastan og færðu hann út af veitingahúsinu. Veitti hann allan þann mótþróa, sem hann mátti, og varð því að setja hann í járn, er kom út í portið fyrir utan veitingahúsið, og var hann síðan fluttur í heim í fangahúsið.

Framangreidd lýsing er byggð á samhljóða skýrslu fyrsgreindra lögregluþjóna, sem ákærði hefir í engu véfengt, enda þótt hann teldi sig ekki muna, hverju fram hafi farið, en það kveður hann títt, að hann ekki muni eftir á, hvað hefir hent hann í ölvunarástandi.

Með því að ráðast á lögregluþjóninn og leitast við að hindra lögregluna í starfi sínu eins og nánar er lýst hér að framan hefir ákærði brotið gegn 101. gr. hinna alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869 og 3. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930, og með því að vera ölvaður á almannafæri hefir ákærði brotið gegn 16. gr. sbr. 36. gr. áfengislaga nr. 64, 1930, og 7. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktarinnar, og þykir refsing ákærðs með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Meðferð málsins hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 19. dez. 1934.

Nr. 58/1934. **Ólafur Thors** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Einari Magnússyni og gagnsök

(Sjálfur).

Meiðyrðamál.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. marz 1934: Framangreind ummæli og aðdróttun skulu vera dauð og ómerk.

Stefndur, Einar Magnússon, greiði 100 króna sekt í rikissjóð og komi í stað sektarinnar ef hún er ekki greidd

áður en aðfararfrestur er liðinn 7 daga einfalt fangelsi. Svo greiði stefndur stefnandanum, Ólafi Thors, kr. 60 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi krefst þess, að sektarákvæði hins áfrýjaða dóms verði hækkað, að ákvæði hans um ómerkingu átalinna ummæla og aðdróttunar verði staðfest, og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Gagnáfrýjandi krefst sýknu í málinu og hæfilegs málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Aðdróttun sú, er felst í hinum átöldu ummælum, varðar við 217. sbr. 218. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing gagnáfrýjanda hæfilega ákveðin 300 króna sekt til rikissjóðs, og komi 20 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ómerkingu átalinna ummæla og aðdróttunar þykir mega staðfesta.

Eftir þessum málalokum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, er ákveðst samtals 300 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Einar Magnússon, greiði 300 króna sekt í rikissjóð, og komi 20 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ómerkingu á-

talinna ummæla og aðdróttunar eiga að vera óröskuð.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda, Ólafi Thors, 300 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 20. sept. f. á. af Ólafi Thors, framkvæmdarstjóra, hér í bæ, gegn Einari Magnússyni, cand. theol, hér í bænum, út af ummælum, er birtust í 155. tölubl. Alþýðublaðsins, sem út kom 29. júní s. l., en ummælin voru í óundirritaðri grein, sem nefndist: „Hrósunarefni íhaldsins. Norski samningurinn“ og var stefndur ábyrgðarmaður blaðsins er greinin birtist. Eru ummælin, sem stefnandi telur meiðandi og móðgandi fyrir sig svolátandi:

..... „En hver er hin raunverulega orsök þess, að þessi samningur var samþykktur?“

„Á það hefir lítillega verið bent, að einustu menn hér á landi, sem gætu haft fjárhagslegan gróða af samþykkt samningsins, væru þeir, sem ættu sildarverksmiðjur og keyptu nýja sild. Vitanlega græða þeir á því, að Norðmenn auki hér framboðið og lækki verðið á nýju sildinni. H/f. Kveldúlfur á verksmiðju og kaupir nýja sild. Kveldúlfur getur því grætt á norska samningnum. Og Ólafur Thors er einn eigandi og framkvæmdarstjóri Kveldúlfs, og Ólafur gerði norska samninginn. Þannig er samhengið í þessu efni Nú hefir Kveldúlfstogurunum verið „lagt“, skipshafnir afskráðar, og þá er ekki annað sýnilegt en að togararnir verði ekki gerðir út á sildveiðar í sumar, en sild til verksmiðjanna verði keypt af Norðmönnum“.

„Með þessu á svo að neyða sjómenn til kauplækkunar, eða skapa þeim enn meira atvinnuleysi í sumar, en

Kveldúlfur geti samt grætt á lága sildarverðinu hjá Norðmönnum“.

„Þetta er afleiðingin af norska samningnum, og ástæðan fyrir honum er hagsmunir einkafyrirtækisins Kveldúlfs. Fyrir þá hagsmuni er fórnað hagsmunum ekki aðeins verkalýðs á sjó og landi, heldur líka hagsmunum flestra annara útgerðarfyrirtækja á landinu“

Hefir stefnandi krafizt þess, að framangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk, að stefndur verði dæmdur í hæfilega sekt fyrir þau, svo og til greiðslu málskostnaðar eftir mati réttarins,

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum. Byggir stefndur sýknukröfuna á því að í hinum umstefndu ummælum sé aðeins sagt frá staðreyndum og síðan dregnar rökréttar ályktanir af staðreyndunum, og ekki komi til nokkurra mála að slíkt sé saknæmt.

Í tveim síðustu klausum hinna umstefndu ummæla: „Með þessu útgerðarfyrirtækja á landinu“ er því beinlínis dróttað að stefnanda, en hann var annar samningamannanna af Íslands hálfu er norski samningurinn svo kallaði var gerður, að hann hafði gert samninginn í hagsmunaskyni fyrir h/f. Kveldúlf, sem stefnandi er meðeigandi og meðstjórnandi að, og fórnað fyrir það hagsmunum almennings í landinu og flestra útgerðarfyrirtækja annara, svo og að eigingjarnar hvatir og illur tilgangur í garð sjómanna hafi ráðið hjá stefnanda, að togurum félagsins var lagt. Eru ummæli þessi móðgandi fyrir stefnanda og hafa ekki verið réttlætt og ber því að taka kröfu hans um ómerkingu á þeim og refsingu fyrir þau til greina. Þá litur rétturinn svo á, að enda þótt meiri hluti hinna annara ummæla segi frá staðreynd þá séu þau sett þannig fram og séu í því sambandi við aðdróttanina, sem að framan er greind, að í þeim sem heild felst aðdróttun til stefnanda um það, að hann hafi notað afstöðu sína sem samningaðili að norska samningnum til hagsmuna fyrir áðurnefnt hlutfélag, og verður aðdróttun þessi einnig ómerkt og stefndum refsað fyrir hana. Þykir refsing sú, sem stefndur hefir til unnið hæfilega ákveðin eftir 219., sbr. 218. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, 100 króna sekt í ríkissjóð og komi í stað sektarinnar ef hún verður ekki

greidd áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn 7 daga einfalt fangelsi. Svo greiði stefndur stefnanda 60 kr. í málskostnað.

Miðvikudaginn 19. dez. 1934.

Nr. 151/1934. Valdstjórnin (Lárus Jóhannesson)

gegn

Ólafi Guðjónssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Áfengislaga- og bifreiðarlagabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 18. apríl 1934: Kærður, Ólafur Guðjónsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal sviftur leyfi til að stjórna bifreið í 6 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og á stóð þykir eigi ástæða til að gera kærða ábyrgan fyrir það samkv. 7. málsg. 6. gr. laga nr. 70/1931, að hraðamælir bifreiðarinnar var í ólagi.

Fyrir brot þau, er kærði hefir framið, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, og missi ökuleyfis í 1 ár frá birtingu héraðsdómsins, 18. apríl þ. á. að telja. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málskostnaðar í héraði þykir mega staðfesta.